

Fundur skólaráðs 3. okt. 2012

Mættir voru: Halldóra skólastjóri, Geirlaug fulltrúi foreldra í skólaráði, Karolína varafulltrúi foreldra í skólaráði, Valdís fulltrúi kennara, Margrét formaður nemendaráðs, Þórunn fulltrúi annarra starfsmanna, Kolbrún fulltrúi nærsamfélags (frá Króki), Gígja fulltrúi nærsamfélags (frá Laut), Rósa fulltrúi kennara og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð. Kolbrún verður fulltrúi fyrra árið og Gígja seinna árið en sitja báðar þennan fund.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2012-2013

Halldóra kynnti áætlunina og fjallað var um einstaka liði hennar samhliða kynningunni.

2. Fjárhagsáætlun

Halldóra sagði frá vinnu varðandi áætlunina en í ár verður gerð 3ja ára áætlun. Áfram verður aðhald í rekstri grunnskólans. Á næstu þremur árum verður stefnt að því að ljúka rafvæðingu á töflum þannig að slíkar töflur verði í öllum kennslustofum. Einnig væri gott að fá hátalarakerfi með hljóðnema fyrir kennara. Einnig verður áhersla lögð á húsgögn t.d. á göngum og huga þarf að að uppfærslu á tölvum í tölvuverum.

Næsti fundur verður 14. nóvember